

Nd.

354. Frumvarp

til laga um afnám laga nr. 30, 20. júní 1923, um breyting á lögum nr. 56, 10. nóv. 1913. (Herpinótaveiði).

Flutningsmenn: Sigurjón Jónsson, Ásgeir Ásgeirsson, Aug. Flygenring, Benedikt Sveinsson, Bernh. Stefánsson, Jón A. Jónsson, Björn Lindal, Magnús Jónsson.

1. gr.

Lög nr. 30, frá 20. júní 1923, um breyting á lögum nr. 56, 10. nóv. 1913, eru úr gildi numin.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Lög þau, sem hjer er farið fram á, að numin sjeu úr gildi, heimila sýslunefnd Skagafjarðarsýslu að gera samþykkt um sildveiði með herpinót á Skagafirði innan línu frá syðri enda Þórðarhöfða til norðurenda Drangeyjar og þaðan í sömu stefnu á Skaga.

Nú hefir sýslunefnd Skagafjarðarsýslu notfært sjer þessi heimildarlög og gert þá samþykkt, að banna sildveiðar með herpinót innan nefndrar línu. Áður var til samþykkt frá sýslunefndinni samkvæmt lögum frá 1913; var þar bönnuð herpinótaveiði innanvert við línu frá innri enda Þórðarhöfða til Ingveldarstaða á Reykjaströnd.

Þessi nýja samþykkt, sem bannar að veiða sild með herpinót beggja megin Drangeyjar og út undir Selvik á Skaga, hlýtur að öllum jafnaði að verða til stórhnekkis sildveiði landsmanna að sumrinu við Norðurland. Nú síðastliðin 2 ár hefir talsvert mikill hluti síldarinnar veiðst innan við þessa ráðgerðu línu, og mun svo jafnan reynast, þegar norðlæg átt er tíð að sumrinu. Hefði engin sild verið veidd innan þessarar nýju línu þessi árin, er óhætt að fullyrða, að veiðin hefði hlotið að verða miklum mun minni, en það hefði

hlotið að leiða til tjóns fyrir alla þá, er veiðina hafa stundað, og til tekjumissis fyrir rikissjóð. Er hjer svo mikilla hagsmuna að gæta, bæði fyrir rikissjóð og fjölda landsmanna, að vjer flutningsmenn getum ekki talið rjett, að Skagfirðingum sje leyft að friða þannig mikinn hluta fjarðarins fyrir herpinótaveiði. Er rjett að taka fram í því sambandi, að landhelgin kringum strendur landsins verður að skoðast sameiginleg eign landsmanna allra, en löggjafarvaldinu ber að sjá um, að hún verði landsmönnum að sem bestum og almennustum notum.

Á hinn bóginn mun tæplega unt að færa nokkur sæmileg rök fyrir því, að Skagfirðingum sje nauðsynlegt að fá þennan hluta fjarðarins friðaðan fyrir herpinótaveiði, og mun nánar vikið að því við framsögu. En jafnvel þótt einhverra litilla hagsmuna væri hjer að gæta fyrir þá, þá er þar á móti um svo mikið fjárhagstjón að ræða fyrir sildveiðamenn og rikissjóð, að engin sanngirni er í því, að umgetin samþykkt nái að standa.